

Nd.

412. Frumvarp til laga

[180. mál]

um breyting á lögum nr. 71 5. júní 1947, um breyting á lögum nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl.

Frá iðnaðarnefnd.

1. gr.

Aftan við j-lið 3. gr. laganna bætist: einnig að endurgreiða aðflutningsgjöld eða hluta af þeim af vélum, sem notaðar eru til framleiðslu á umbúðum um þær vörur.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Á s. l. ári töldu hraðfrystihúsin sig þurfa að kaupa frá Ameríku fiskumbúðir fyrir 9.6 milljónir króna. Slíkar umbúðir er hægt að framleiða innanlands, og mundu nauðsynlegar vélar kosta nokkuð á aðra milljón króna, en ofan á verð vélanna bætast tollar, sem nema 25—33%.

Vegna þessara tolla er framleiðendum fiskumbúða nær ókleift að afla sér nauðsynlegra véla, en á sama tíma verður að flytja inn umbúðir, eins og áður segir, en tollur á þeim er 2.8%.

Þegar þess er gætt, að um $\frac{2}{5}$ af verði umbúðanna eru vinnulaun, virðist eðlilegt, að tollar af slíkum vélum séu lækkaðir verulega eða felldir niður með öllu. Mundi framleiðsla fiskumbúða innanlands gera hvort tveggja í senn að auka atvinnu og spara erlendan gjaldeyri.

Þá má og benda á, að tollur af ýmsum landbúnaðarvélum, sem inn eru fluttar, nemur aðeins 2%. Verður ekki annað sagt en óeðlilegt sé, að svo gífurlegur munur sé á tollum af þeim vélum annars vegar, en hins vegar vélum, sem notaðar eru til að gera eina aðalframleiðsluvöru landsmanna útflutningshæfa.

Iðnaðarnefnd flytur frv. þetta að tilmælum Félags ísl. iðnrekenda. Tveir nefndarmanna (PÐ og SkG) voru fjarverandi, þegar málið var afgreitt í nefndinni.